

Föstudaginn 18. júní 1999.

Nr. 219/1998.

Íslenska ríkið

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

Halldóri Sigurbirni Halldórssyni

(Vilhjálmur Árnason hrl.) og

Haraldi Guðmundssyni

(Sigurður Jónsson hrl.) og

Halldór Sigurbjörn Halldórsson

gegn

íslenska ríkinu

Landamerki. Gjafsókn.

Deilt var um landamerki jarðanna S og H, en sátt hafði náðst um mörk þeirra gagnvart jörðinni Sn. Talið var að mikill vafi léki á staðsetningu ýmissa kennileita sem miðað var við í gömlum landamerkjalýsingum. Þótti rétt að draga landamerkin óháð þessum kennileitum, beint milli tveggja merkja, sem ekki var deilt um staðsetningu á, en þó með hliðsjón af landamerkjalyýsingunum og staðháttum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 25. maí 1998. Í endanlegri kröfugerð krefst hann þess í fyrsta lagi að staðfest verði með dómi að landamerki jarðanna Hrófbjergs og Staðar séu með eftirfarandi hætti: Hrófbjergsmegin ræður landamerkjum: Úr Vatnadalsá eftir svonefndum heybandsgötum, nokkuð fyrir vestan Tjaldhól, sjónhending á svonefndan Stórastein, úr Stórasteini í annan stein nær byggð í hnitapunkti 102, þaðan sjónhending í Kúgildislæk í hnitapunkt 110, er ráði merkjum af fjalli ofan til reiðgatna í hnitapunktum 110, 111, 107 og 109, síðan sjónhending yfir þverar eyrnar í nyrðri bakka Staðarár, þar sem sátta-lína Hrófbjergs og Stakkaness frá 13. október 1998 sker bakkann. Í öðru lagi krefst hann þess að staðfest verði með dómi skylda gagnáfrýjanda til að fjarlægja girðingu þá, sem hann hefur reist á hinu umdeilda land-

svæði, svonefndum Lyngmóum, að viðlögðum dagsektum. Í þriðja lagi krefst hann þess að staðfest verði með dómi að landamerki jarðanna Staðar og Stakkaness á hinu umdeilda svæði verði ákvörðuð í samræmi við dómsátt milli stefnda og gagnáfrýjanda, sem gerð var í Héraðsdómi Reykjaness 13. október 1998, þ.e. að þau liggi frá hnitapunkti 206 í beinni línu í hnitapunkt 401, þaðan bein lína í hnitapunkt 203 og síðan bein lína í stefnu á hnitapunkt 108 að landamerkjum Staðar og Hrófbergs.

Til vara við fyrstu kröfu sína krefst aðaláfrýjandi þess að staðfest verði með dómi að landamerki Hrófbergs og Staðar verði eins og áður er lýst að hnitapunkti 102, þá ráði landamerkjum Kúgildislækur af fjalli ofan til reiðgatna, hnitapunktur 103, 104, 301, 302, 303, 304, 107 og 109, síðan sjónhending yfir þverar eyrarnar í nyrðri bakka Staðarár, þar sem sáttalína Hrófbergs og Stakkaness frá 13. október 1998 sker bakkann. Loks er krafist málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað 22. október 1998. Gerir gagnáfrýjandi þær kröfur að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar landamerki á milli Hrófbergs og Staðar og að landamerki Hrófbergs og Stakkaness verði ákvörðuð í samræmi við dómsátt 13. október 1998, þ.e. frá hnitapunkti 206 í beina stefnu að hnitapunkti 401, þaðan í beina stefnu í hnitapunkt 203, þaðan í beina stefnu í hnitapunkt 108 og þaðan til sjávar um hnitapunkt 402. Jarðirnar eigi jafnan veiðirétt í Staðará á því svæði sem merki þeirra liggja saman. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Endanleg kröfugerð stefnda um landamerki Stakkaness gagnvart jörðum aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda er samhljóða kröfum þeirra með vísun til dómsáttar hans og gagnáfrýjanda 13. október 1998. Hann krefst þess að honum verði tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð dómsátt gagnáfrýjanda og stefnda, gerð í Héraðsdómi Reykjaness 13. október 1998 um landamerki milli jarðanna Hrófbergs og Stakkaness, sem vísað er til í kröfugerð aðila. Aðaláfrýjandi hefur einnig miðað kröfugerð sína um landamerki Staðar og Stakkaness við þessa dómsátt þótt hann hafi ekki verið aðili að henni.

Dómarar Hæstaréttar gengu á vettvang ásamt aðilum og lögmönnum þeirra áður en málið var munnlega flutt.

Samkvæmt framansögðu er ekki lengur ágreiningur milli aðila að því er varðar landamerki milli Stakkaness annars vegar og Staðar eða Hrófbergs hins vegar. Eins og málið liggur fyrir Hæstarétti er því einungis ágreiningur um landamerki Staðar og Hrófbergs frá svokölluðum Neðri-Merkissteini norður í Staðará. Staðsetning steinsins í hnitapunkti 102 er óumdeild, svo og staðsetning Efri-Merkissteins (Stórasteins) í hnitapunkti 101. Í héraðsdómi er gerð grein fyrir ágreiningi aðila og þeim örnefnum, sem tengjast landamerkjum jarðanna á umræddu svæði. Fallist er á þá niðurstöðu dómsins að miðað við lýsingar heimilda sé rétt að líta svo á að Kúgildislækur komi úr lækjarsytrum, sem koma upp skammt frá Neðri-Merkissteini. Verður ekki á það fallist með aðaláfrýjanda að um sé að ræða læk, sem rennur um gil allnokkru austar.

Ljóst verður að telja að farvegur Kúgildislækjar hafi verið allbreytilegur í tímans rás. Á láglandi rennur lækurinn nú að talsverðu leyti um skurð, sem gagnáfrýjandi gróf fyrir allmörgum árum og hefur sá gröftur án efa haft áhrif á vatnsrennsli á svæðinu.

Eins og fram kemur í héraðsdómi lýsti Jón Jóhannsson bóndi á Víðivöllum landamerkjum svo árið 1930 að frá Neðri-Merkissteini sé „sjónhending í Kúgildislæk, þar sem hann rennur í krók niður með hálsinum og sjónhending úr læknum í reiðgötur við Staðará, beint á móti Lækjartúni í Staðarhlíð“.

Út frá þessari lýsingu dró héraðsdómur línu úr Neðri-Merkissteini, hnitapunkti 102, í hnitapunkt 103 í Kúgildislæk og þaðan yfir í Staðará í hnitapunkt 106 A, eins og nánar er lýst í dóminum. Þegar litið er til ljósmynda og uppdráttu, sem fyrir liggja í málinu, sést krókur á lækjarfarveginum upp að hlíðinni nokkru austar við hnitapunkt 103, sem ofangreind lýsing gæti allt eins átt við. Samkvæmt þessu gæti línan hafa átt að koma austar og þykir ekki unnt að fallast á landamerkjalinu héraðsdóms að þessu leyti.

Þá er og mjög óljóst, hvar reiðgötur þær lágu, sem miðað er við í landamerkjalyðingum allt frá 1398. Má ætla að slíkar götur hafi einkum verið nálægt bökkum Staðarár, en þær gætu hafa legið víðar. Víst er og að farvegur árinna hefur færst talsvert til á umliðnum öldum.

Að lokum er einnig nokkur óvissa um nákvæma staðsetningu, en þó

einkum um stærð Lækjatúns á norðurbakka Staðarár. Í örnefnalýsingu Magnúsar Steingrímssonar, bónda að Hólum í Staðardal, frá 1929 er meðal annars fjallað um svæðið nálægt landamerkjum Grænaness (nú Stakkaness) og Staðar, norðan Staðarár. Segir þar: „Við Landamerkjalæk er Grásteinsengi, þá Lyngbali og á bakkanum Tjaldholt, þá Harðengi að Neðra-Lækjatúnsgili, þá Lækjatún á bakkanum við eyrnarnar sem eru með ánni, þá stykkið milli Lækjatúnsgilja.“ Í lýsingu Magnúsar frá 1953 er lýst svæðinu norðan árinna frá Stað, þar sem segir meðal annars: „Í hlíðinni fyrir neðan Stekkjarhvolfin er Prestsengi. Er svo nokkur svæði frá því að Lækjatúnsgili. Er Lækjatún á bakkanum við Staðará. ... Neðan Lækjatúnsgilja, austar í hlíðinni, er Harðengi. Þá Tjaldholt, lyngi- og grasigróin klettaþröm, er liggur að Staðará. Þar neðar Lyngbali og við landamerkjalæk, Grásteinsengi.“

Með hliðsjón af þessum lýsingum verður ekki talið að Lækjatún hafi verið á milli Lækjatúnsgiljanna og takmarkast af þeim, enda ræðir Magnús Steingrímsson sérstaklega um ónafngreint „stykki“ á milli þeirra. Í báðum lýsingunum er beinlínis tekið fram að Lækjatún sé á bakka árinna. Þykir ekki unnt að leggja til grundvallar að lega þess til austurs hafi takmarkast af Neðra-Lækjatúnsgili. Í lýsingunum koma einungis fram tvö örnefni á svæðinu milli Lækjatúnsgilja og Grásteinsengis, sem sögð eru liggja að ánni, þ.e. Lækjatún og Tjaldholt. Má telja sennilegt að þessi svæði hafi næstum náð saman á árbakkanum. Tjaldholt er skammt frá Grásteinsengi, en eins og fram kemur í lýsingum er það við læk, þar sem eru landamerki Staðar og Stakkaness. Er hnítapunktur 206 í farvegi Staðarár við þennan stað. Frá stað skammt þaðan mun hin óumdeildu merki í Efri- og Neðri-Merkissteinum bera saman samkvæmt gögnum málsins, eins og dómurum var sýnt, er þeir gengu á vettvang.

Af framansögðu er ljóst að örðugt er að staðsetja með vissu þau kennileiti, sem koma til álita, þegar leysa skal úr því, hver eru landamerki Hrófbergs og Staðar norðan við Neðri-Merkisstein. Þegar litið er til þeirra atriða, sem hér hafa verið nefnd, svo og með hliðsjón að öðru leyti af landamerkjalyýsingum og staðháttum, þykir rétt að ákveða þau nokkru austar en gert var í héraðsdómi. Verða þau dregin í beinni línu frá Neðri-Merkissteini í hnítapunkti 102 í farveg Staðarár á móts við Grásteinsengi í hnítapunkt 206, eins og fram kemur á meðfylgjandi upprætti. Óumdeild eru merkin suður af Neðri-Merkissteini. Um

landamerki Hrófbergs og Stakkaness fer eins og í dómsorði greinir, en þau eru í samræmi við dómsátt frá 13. október 1998.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að fjarlægja girðingu er hann hefur sett upp á hinu umdeilda svæði á svonefndum Lyngmóum, að svo miklu leyti sem hún fer út fyrir landareign hans miðað við ofangreind landamerki. Skal hann hafa lokið því verki innan 90 daga frá uppkvaðningu dóms þessa að viðlögðum 5.000 króna dagsektum.

Staðfest verða ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað. Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, en um gjafsóknarkostnað fer eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Landamerki milli jarðanna Hrófbergs og Staðar í Hólmavíkurreppi, Strandasýslu, skulu vera sem hér segir: Frá Vatnadalsá eftir háhrygg Þverholtanna að Efri-Merkissteini í hnitapunkti 101 (X=674812,7; Y=589442,0), þaðan í beina stefnu að Neðri-Merkissteini í hnitapunkti 102 (X=674541,8; Y=589959,5), þaðan í beina stefnu í hnitapunkt 206 (X=673939,0; Y=591257,0), eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti.

Landamerki milli jarðanna Hrófbergs og Stakkaness í ofangreindum hreppi skulu vera sem hér segir: Frá hnitapunkti 206 í beina stefnu að hnitapunkti 401 (X=673635,0; Y=591008,0), þaðan í beina stefnu í hnitapunkt 203 (X=673559,1; Y=590794,2), þaðan í beina stefnu í hnitapunkt 108 (X=673272,9; Y=590653,2), og þaðan til sjávar um hnitapunkt 402 (X=672808,0; Y=590633,0), eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti.

Gagnáfrýjandi, Halldór Sigurbjörn Halldórsson, skal fjarlægja girðingu, sem hann hefur sett upp á svonefndum Lyngmóum, að svo miklu leyti sem hún fer í bága við ofangreind landamerki, innan 90 daga frá uppkvaðningu dóms þessa að viðlögðum 5.000 króna dagsektum.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað eru staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, 500.000 krónur.

Gjafsóknarkostnaður stefnda, Haralds Guðmundssonar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, 150.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 26. febrúar 1998.

Ár 1998, fimmtudaginn 26. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómhúsi Héraðsdóms Reykjaness, Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara sem dómsformanni og Finni Torfa Hjörleifssyni og Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-79/1997: Halldór Sigurbjörn Halldórsson gegn landbúnaðarráðherra, f.h. kirkjujarðarinnar Staðar í Steingrímsfirði, og gegn Haraldi Guðmundssyni og gagnsök, sem tekið var til dóms 30. janúar síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

Málið höfðaði Halldór Sigurbjörn Halldórsson, eigandi og ábúandi jarðarinnar Hrófbergs í Hólmavíkurhreppi, kt. 230625-4769, á hendur landbúnaðarráðherra f.h. kirkjujarðarinnar Staðar í Steingrímsfirði, Hólmavíkurhreppi, svo og gegn Haraldi Guðmundssyni, eiganda og ábúanda jarðarinnar Stakkaness, Hólmavíkurhreppi, kt. 190359-5499, með stefnu, sem birt var 28. og 30. maí 1997, en málið var þingfest 18. júní sama ár. Gagnsök var höfðuð 25. ágúst 1997 og sameinuð aðalsök.

Dómendur gengu á merki 19. september 1997 í fylgd aðila og lögmanna. Þinghöld til sáttaumleitana og framlagningar sýnilegra sönnunargagna voru háð 6. október og 5. nóvember 1997. Lagðir voru fram vettvangsuppdrættir á dóm skjölum nr. 61, 68 og 70 og kröfugerð aðila breytt til samræmis við nýja hnítapunkta, sem færðir höfðu verið inn á uppdrættina á grundvelli málflutningsyfirlýsinga fyrir dómi.

Aðalmeðferð var háð dagana 4.-5. desember 1997 og málið dómtekið. Þar sem segulbandsupptökur með framburði nokkurra vitna eyðilögðust var málið endurupptekið 30. janúar 1998 og skýrslur teknar að nýju af viðkomandi vitnum, en málið því næst flutt öðru sinni og dómtekið sama dag. Málið var endurupptekið að nýju í dag, þar sem brestur var á skýrleika í málflutningsyfirlýsingum aðalstefnanda og gagnstefnanda landbúnaðarráðherra varðandi ætluð landamerki milli jarðanna Hrófbergs og Staðar.

*Kröfugerð aðila.***A. Eigandi Hrófbergs.**

Endanlegar dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að staðfest verði eftirfarandi landamerki milli jarðanna Hrófbergs og Staðar: Frá Vatnadalssá eftir háhrygg Þverholtanna að Hærri-Merkissteini (hnitapunktur 101 á dómskjali nr. 61), þaðan ráði sjónhending að Neðra-Merkissteini (hnitapunktur 102 á dómskjali nr. 61), þaðan í Kúgildislæk, sem ráði merkjum af fjalli ofan til láglandis á eyrum (hnitapunktur 103 á dómskjali nr. 61) og þaðan ráði sjónhending yfir þverar eyrarnar í hnitapunkt 106A, sbr. dómskjal nr. 61, og þaðan í beina stefnu í hnitapunkt 206 á dómskjali nr. 61. Þaðan ráði farvegur Staðarár landamerkjum, einnig milli Hrófbergs og Stakkaness, út dalinn ofan hjá Stakkanesi í sjó fram, sbr. dómkröfúlínu aðalstefnanda á dómskjali nr. 61 (hnitapunktur 207 og 208 á dómskjali nr. 68) nema sátt hafi tekist um annað, sbr. bókun í þinghaldi 6. október 1997 og drög að dómsátt milli Hrófbergs og Stakkaness, sbr. sáttalínu á dómskjali nr. 61.

Í gagnsök gerir aðalstefnandi þær dómkröfur, að synjað verði um landamerkjakröfur gagnstefnanda og aðalstefnandi sýknaður af öllum kröfum þeirra, enda verði landamerkjakröfur stefnanda í aðalsök teknar til greina. Þá er í aðal- og gagnsök krafist málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðalstefnandi fékk gjafsóknarleyfi 12. maí 1997.

B. Eigandi Staðar.

Af hálfu gagnstefnanda landbúnaðarráðherra eru gerðar þær dómkröfur í aðalsök, að synjað verði um allar kröfur aðalstefnanda. Í gagnsök er þess endanlega krafist, að landamerki jarðanna Hrófbergs og Staðar verði ákvörðuð með eftirfarandi hætti: Hrófbergsmegin ráði landamerkjum: Úr Vatnadalssá eftir svonefndum heybandsgötum, nokkuð fyrir vestan Tjaldhól, sjónhending á svonefndan Stórastein; úr Stórasteini í annan stein nær byggð, þá ráði landamerkjum Kúgildislækur af fjalli ofan til reiðgatna (hnitapunktur 110, 111, 107 og 109 á dómskjali nr. 70), síðan sjónhending yfir þverar eyrarnar í línu dregna frá hnitapunktum 201 til 203, sbr. dómskjal nr. 61 og dómskjal nr. 70. Þá verði í gagnsök viðurkennd skylda aðalstefnanda til að fjarlægja girðingu þá, sem hann hafi reist á hinu umdeilda landsvæði, það er á svonefndum Lyngmóum, að viðlögðum dagsektum að mati dómsins. Loks er í öllum tilvikum krafist málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda eftir mati dómsins.

C. Eigandi Stakkaness.

Gagnstefnandi Haraldur Guðmundsson gerir þær dómkröfur í aðalsök, að öllum kröfum aðalstefnanda verði hrundið. Í gagnsök er endanlega gerð svohljóðandi krafa: Að staðfest verði með dómi landamerki milli Hrófbergs og Stakkaness, eins og þau eru dregin á dómskjali nr. 61, þ.e. að svonefnd sáttalína

skipti merkjum milli Hrófbærsg og Stakkaneß frá hnitapunkti 201 til 205, en ell-egar svo langt fram eyrar, sem við getur átt eftir niðurstöðu dóms, að landa-merkjum Hrófbærsg og Staðar. Þá er bæði í aðal- og gagnsök krafist málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnstefnandi fékk gjafsóknarleyfi 17. desember 1997.

Forsaga máls og lýsing helstu málsatvika.

Í Staðardal í Steingrímsfirði er kirkjujörðin Staður, sem lýtur forræði landbúnaðarráðuneytis. Jörðin var áður prestsetur. Undir hana heyra nú Hofstaðir, sem áður tilheyrðu Víðivöllum, en sú jörð var eitt sinn hjáleiga frá Stað. Land það er áður tilheyrði Hofstöðum liggur sunnan megin í Staðardal og að landi Hrófbærsg.

Seint á fjórtánda öld kvartaði Jón Jónsson, þáverandi eigandi Hrófbærsg, undan ofríki prestsins á Stað, Bjarna Þórðarsonar, sem þá mun hafa eignað sér land Hrófbærsg á svæði milli Kúgildislækjar og Rauðaskriðu. Spunnust út af því deilur, sem urðu tilefni úrskurðar Þorsteins lögmanns Eyjólfssonar sumarið 1398 um landamerki milli jarðanna Hrófbærsg og Víðivalla. Þar sem prestur gat ekki lagt fram skilríki fyrir eignarhaldi Staðar á hinu umþrætta landsvæði en bóndinn á Hrófbergi lagði fram bréf Einars Þorbjarnarsonar, með hans heilu og ósködduðu innsigli, sem átt hafði báðar jarðirnar Hrófberg og Víðivelli, úrskurðaði lögmaðurinn bóndanum á Hrófbergi í vil og á grundvelli landamerkjalyýsingar Einars Þorbjarnarsonar, „að milli fyrskrifadra jarða Hrobergs oc Wijdevalla riedi sa lækur. sem kendur er kugilldislækur. landareign af fialli ofan til reidgatna og sijdann sionhending yfir um þverar eyrarnar i Stadaraa j enn forna farveg oc all-drei seigist hann [þ.e. Einar Þorbjarnarson – innskot dómsins] vitad hafa onnur landamerki milli greindra jarða. Þvi i Guds nafne amen. urskurda eg greindur logmann. med fullum lagaurskurde. þesse landamerke j allann máta skialleg og myndug.“ Úrskurðurinn er hér tekinn eftir Íslensku fornbréfasafni, III. bindi, bls. 631 (dómskjal nr. 9).

Svo virðist sem enn hafi verið deilt um landamerki milli jarðanna Hrófbærsg og Víðivalla á ofanverðri sautjándu öld og að sú deila hafi orðið tilefni eftirfarandi lögfestu Jóns Björnssonar á Hrófbergi fyrir þeirri jörð innan tiltekinna landamerkja: „Landamerki milli téðrar jarðar og Víðivalla er á Stóraholti grjótgardur og við grjótgardsendann norðan til stór steinn, sem á steinum stendur, svo undir hefur mátt sjá, þaðan frá nær byggð stendur annar steinn og undan því holti, skammt er frá þeim steini, kemur sá lækur sem kúgildislækur hefur kallaður verið og er hann þessara landa á milli merki af fjalli ofan til reiðgatna, þaðan er sjónhending yfir um þverar eyrarnar í Staðará, í þann forna farveg, og síðan ræður hann ofan hjá Stakkanesi fram í sjó, hinu megin Reiðarsteins.“ Lögfestan er hér skráð eftir framlögðu ljósriti úr bréfabók Staðar í Steingrímsfirði, merktri

CB1. Lögfesta þessi var lesin í heyranda hljóði á heimstefnuþingi 6. maí 1675 að viðstöddum séra Einari Torfasyni, Staðarpresti. Undir lögfestuna rituðu þrír vottar, sem staðfestu, að ekki aðeins hefði séra Einar látið ómótmælt þeim landamerkjum, sem tilgreind voru í lögfestunni, heldur hefði hann beinlínis játað merkin rétt.

Á grundvelli lögfestunnar frá 1675 var eftirfarandi lýsing á landamerkjum milli Hrófbjergs og Staðarkirkjueigna lesin fyrir manntalsþingrétti að Hrófbjergi 26. júní 1890: „...frá Vatnadalsá eptir háhrygg Þverholtanna að hærri Merkissteini, þaðan er bein sjónhending að neðri Merkis-Steini. Skammt frá þeim steini kemur sá lækur, er Kúgildislækur hefur kallaður verið og er hann þessara landa á milli merki af fjalli ofan til láglandis, þaðan er sjónhending yfir þverar eyrnar í Staðará í þann forna farveg við lækjartún og síðan ræður hann ofan hjá Stakkanesi fram í sjó milli meginlands og reiðarsteins.“ Landamerkjalýsing þessi var færð í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið nr. 66. Henni til staðfestu rituðu meðal annarra nöfn sín Magnús Magnússon, ábúandi að Hrófbjergi, og Ísleifur Einarsson, Staðarprestur frá 1883 til 1892. Segir orðrétt í landamerkjabók, að séra Ísleifur hafi verið með öllu samþykkur, að „farið sé eftir lögfestu þeirri, sem Jón Björnsson gjörði fyrir Hrófbjergslandi um landamerki milli Hrófbjergslands og Staðarkirkjueigna ...“

Fyrir manntalsþingrétti sama dag var lesin og færð í landamerkjabók undir tölulið nr. 65 eftirfarandi landamerkjalýsing yfir eignir Staðarkirkju, þær er lágu að landi Hrófbjergs: „Hrófbjergsmegin ræður landamerkjum úr Vatnadalsá eptir svonefndum heybandsgötum, nokkuð fyrir vestan Tjaldhól, sjónhending á svonefndan Stórastein, úr Stórasteini í annan stein nær byggð, en þaðan skammt kemur sá lækur sem Kúgildislækur hefur kallaður verið og er hann landamerki af fjalli ofan til reiðgatna, þaðan er sjónhending yfir þverar eyrnar í Staðará, í hinn forna farveg og síðan ræður hann ofan hjá Stakkanesi, fram í sjó, í svonefndan „Reiðarstein“ (eins og hann lá áður en hann fluttist úr stað fyrir nokkrum árum.“ Landamerkjalýsingunni til staðfestu rituðu meðal annarra nöfn sín séra Ísleifur Einarsson á Stað og Stephán Stephánsson, eigandi að hálfu Hrófbjergslandi.

Samkvæmt sömu landamerkjaskrá voru þinglesin merki milli Staðar og hjáleigunnar Grænanness svohljóðandi: „Landamerkjalýsing í Grásteinsengi.“

Með kaupsamningi dagsettum 31. janúar 1938 var nýbýlið Stakkanes byggt úr landi Grænanness og selt Sigurði Gunnlaugssyni innan eftirtalinna landamerkja: „Frá Staðará að sunnan að Landamerkjalýsing að vestan að Tíðalæk að austan og að norðan upp á Staðarfjall eins og vötnum hallar.“ Hinn 26. júlí 1955 seldi Sigurður barnabarni sínu Guðmundi Björnssyni jörðina, en Guðmundur hafði þá setið hana um nokkurra ára skeið. Guðmundur afsalaði jörðinni til sonar síns, gagnstefnanda Haraldar Guðmundssonar, í ágúst 1993.

Árið 1956 tók Steingrímur Loftsson við ábúð á Stað. Varð fljótlega vart ágreinings milli hans og ábúandans á Hrófbergi, Halldórs Sigurbjörns Halldórs-sonar, hér eftir nefndur aðalstefnandi, um merki milli Hrófbergs og Hofstaða, sem þá voru komnir undir Stað. Héldu þær deilur áfram eftir að sonur Steingríms og núverandi ábúandi á Stað, Magnús Steingrímsson, tók við búi af föður sínum árið 1983.

Með bréfi dagsettu 20. mars 1971 óskaði aðalstefnandi eftir upplýsingum frá veiðimálastjóra um hvernig fara skyldi með ágreining um landamerki, annars vegar milli Hrófbergs og Hofstaða og hins vegar milli Staðar og Stakkaness, áður en til stofnunar veiðifélags kæmi um nýtingu Staðarár. Segir í bréfinu, að áin hafi á síðustu tveimur áratugum færst smám saman yfir í Hrófbergsland frá Staðar- og Stakkaneslandi, svo nemi tugum metra. Lýsti aðalstefnandi yfir vilja til að útljá þann ágreining áður en til félagsskaparins yrði stofnað.

Í júní 1979 leitaði sýslumaður Strandasýslu um sættir með aðalstefnanda og ábúendum á Stað, en án árangurs.

Þá gerðist það 17. ágúst 1984, að Matthías Sævar Lýðsson, héraðslögreglu- maður í Strandasýslu, fór að Hrófbergi að beiðni aðalstefnanda og Magnúsar Steingrímssonar á Stað. Þar var þá einnig staddur fyrrverandi bóndi í sveitinni, Halldór Jóhann Jónsson, fæddur 29. október 1908. Segir í skýrslu, sem Matthías ritaði um för sína, að deiluaðilar hafi viljað fá vottfest álit Halldórs Jóhanns á því hvar merki lægju milli jarðanna Hrófbergs og Hofstaða. Í forsendum dóms þessa er nánari grein gerð fyrir skýrslu Matthíasar og landamerkjalyðingu Halldórs Jóhanns, sem gefin var á vettvangi þann dag.

Með bréfi dagsettu 16. apríl 1986 mótmælti Magnús Steingrímsson girðing- arlögn aðalstefnanda á umþrættu landsvæði, sem Magnús taldi tilheyra Hof- stöðum. Tíu árum síðar reyndu deiluaðilar enn að setja niður ágreininginn um merki, meðal annars fyrir milligöngu sýslumanns í maí 1997. Í kjölfar árangurs- lausra sáttatilauna var mál þetta höfðað.

Skýrslur aðila og vitna fyrir dómi.

Aðalstefnandi gaf skýrslu við aðalmeðferð máls. Einnig voru leidd eftirtalin vitni: Brynjólfur Sæmundsson, kt. 130134-2039, Guðmundur Björnsson, kt. 180731-2109, Sigríður Björnsdóttir, kt. 091119-4089, Magnús Steingrímsson, kt. 240555-2209, Ásta Bjarnadóttir, kt. 131134-2559, Ágúst Guðmundsson, kt. 150744-4909, Guðrún S. Magnúsdóttir, kt. 080234-3259, Matthías Sævar Lýðsson, kt. 190757-2859, Katrín Jónsdóttir, kt. 160713-2839, Pétur Einar Bergs- sveinsson, kt. 251013-4979, Guðbjörg Rannveig Bergsveinsdóttir, kt. 100905-3299, og Árni Jóhannsson, kt. 300133-2319. Verður nú rakið það helsta, sem fram kom í vætti þeirra og þýðingu getur haft við úrlausn málsins.

Brynjólfur Sæmundsson hefur verið héraðsráðunautur í Strandasýslu frá árinu

1959. Vitnið staðfesti fyrir dómi, að það hafi gengið á merki með deiluaðilum 17. ágúst 1984 í fylgd Halldórs Jóhanns Jónssonar og hlýtt á hann lýsa merkjum milli jarðanna Hrófbergs og Hofstaða. Vitnið kvað ljóst vera að svokölluð Merkissteinslág samkvæmt lýsingu Halldórs Jóhanns liggi rétt utan við Neðra-Merkisstein og að Merkissteinslágarlækur rynni úr láginni og réði merkjum niður til láglandis. Vitninu kvaðst vera kunnugt um örnefnið Lækja(r)tún og lýsti því sem grænum bletti milli tveggja gildraga í Staðarhlíð. Vitnið kvaðst ekki vita nákvæmlega hvaðan það hefði þá vitneskju; hún hefði síast inn á þeim 38 árum, sem vitnið hafi búið í sýslunni. Vitnið benti þó einna helst á Benedikt Sæmundsson frá Aratungu sem heimildarmann sinn, en Benedikt þessi hafi verið heima- maður bæði á Viðivöllum og á Stað. Vitnið kvað reiðgötur áður hafa legið víða í Staðardal og gat sérstaklega um reiðgötur á svonefndum Svörtubökkum, fram með eyrum Staðarár og einnig fram með hlíðinni Hrófbergsmegin, niður undan Merkissteinslág.

Guðmundur Björnsson er faðir gagnstefnanda Haraldar Guðmundssonar og fyrrum bóndi á Stakkanesi. Vitnið kvaðst hafa það eftir afa sínum Sigurði Gunnlaugssyni, áður bónda á Stakkanesi, að Kúgildislækur væri sá lækur, sem merktur er með hnitapunktum 110 og 111 á dómskjali nr. 70 og rynni hann niður að reiðgötum á Svörtubökkum og þar út í Staðará. Vitnið kvaðst ekki kannast við örnefnið Lækja(r)tún og kvaðst raunar aldrei hafa heyrt á það minnst. Aðspurt um örnefnið Neðra-Merkisstein kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir þeim steini hin seinni ár og væri hann líklega horfinn sjónum manna.

Sigríður Björnsdóttir er föðursystir gagnstefnanda Haraldar, fædd á Græna- nesi við Steingrímsfjörð árið 1919. Hún ólst upp á Kleppustöðum í Staðardal og bjó þar fram yfir tvítugt, en flutti þá að Hólum í Staðardal og bjó þar í 14 ár. Þaðan flutti Sigríður suður á land árið 1953, en kom vestur á ný árið 1990. Vitnið kvaðst ekki fróð um örnefni í Staðardal, en kannast þó við Kúgildislæk, sem komi ofan hlíðina og renni niður með girðingu, sem girt er frá Hrófbergi (sbr. línu milli hnitapunkta 110 og 111 á dómskjali nr. 70), fyrir endann á henni, niður á reiðgötur og þar ofan í Staðará. Vitnið kvað reiðgötur hafa legið um Svörtu- bakka, yfir Kúgildislæk og fram eyrar alla leið fram Staðardal. Vitnið kvaðst ekki vita til um reiðgötur annars staðar í dalnum. Vitnið kvaðst ekki þekkja örnefnin Lækja(r)tún og Neðra-Merkisstein.

Matthías Sævar Lýðsson er ættaður frá Kirkjubóli í Staðardal, nú bóndi í Kirkjubólshreppi og héraðslögreglumaður á Hólmavík. Vitnið bar fyrir dómi, að eftir því sem sér hefði skilist á Halldóri Jóhanni Jónssyni, er gengið hafi verið á merki í ágúst 1984, þá hafi svokölluð Merkissteinslág verið niður undan Neðra-Merkissteini, en í láginni hafi legið Merkissteinslágarlækur. Vitnið kvað Halldór Jóhann hafa bent á Kúgildislæk sem sunnan eða suðvestan við Merkissteinslág og rynni sá lækur niður hlíðina og bugðaðist út á eyrararnar í ótal hlykkjum. Vitnið

staðsetti Kúgildislæk milli hnitapunkta 102 og 104 á dómskjali nr. 61. Vitnið kvað Lækja(r)tún hafa samkvæmt lýsingu Halldórs Jóhanns verið milli tveggja lækja eða gilja í Staðarhlíð og staðsetti vitnið örnefnið milli hnitapunkta 105 og 106 á því landabréfi, sem inn á eru færðar kröfulínur aðila (dómskjal nr. 61).

Katrín Jónsdóttir er systir Halldórs Jóhanns Jónssonar, fædd á Víðivöllum, og bjó þar til ársins 1948. Vitnið kvað Kúgildislæk eiga upptök sín við hlífðarlögg niður undan Neðra-Merkissteini og myndast þar úr fleiri en einni lækjarsytru. Lækurinn hafi hins vegar ekki verið kallaður Kúgildislækur fyrr en niðri á láglendi á eyrum, en þá hafi hann verið orðinn að vatnsfalli og verið djúpur og mikill, sérstaklega á Svörtubökkum. Vitnið kvaðst hafa heyrt um örnefnið Lækja(r)tún, en ekki geta staðsett það nákvæmar en neðarlega í Staðarhlíð, nærri Grásteinsengi.

Pétur Einar Bergsveinsson er fæddur í Aratungu í Staðardal og bjó þar til 12 ára aldurs er hann flutti að Hrófsbergi, þar sem hann var vinnumaður í 10 ár. Vitninu kvaðst ekki vera kunnugt um hvar merki lægju milli jarðanna Hrófsbergs og Víðivalla (áður Hofstaða). Vitnið kvaðst ekki þekkja til örnefnisins Lækja(r)túns. Það kvaðst hafa heyrt getið um Kúgildislæk sem unglingur, en ekki geta staðsett hann eða lýst legu hans. Vitnið kvaðst vita til þess að reiðgötur hafi legið um Staðardal, meðal annars á Svörtubökkum og þaðan fram eyrar. Vitnið kvaðst ekki kannast við örnefnið Merkisstein.

Guðbjörg Rannveig Bergsveinsdóttir er systir Péturs Einars, fædd í Aratungu og bjó þar til 18 ára aldurs. Þaðan flutti hún á næsta bæ, sem er Kirkjuból, og var þar í 4 ár, en flutti síðan úr Staðardal rúmlega þrítug að aldri. Vitnið kvaðst muna eftir reiðgötum í Staðardal forðum daga, á leið sinni frá Aratungu til Hólmavíkur. Vitnið kvað þær hafa legið fram hjá Víðivöllum, niður að hól, sem marki Hofstaðarústir og þaðan niður á Hrófsbergseyrar, sunnan megin í Staðardal, en Hrófsbergseyrar hafi byrjað rétt neðan við Hofstaði.

Helgi Ingimundarson er fæddur að Tröllatungu í Kirkjubólshreppi, en fluttist í Staðardal 10 ára gamall og bjó að Hólum fram yfir fermingu. Þaðan flutti Helgi til Hólmavíkur og hefur búið þar síðan. Vitnið kvað Kúgildislæk vera læk, sem renni niður hlífðina Hrófsbergsmegin, gegnt bænum Stakkanesi, og út í Staðará á móts við bæinn. Vitnið kvaðst hafa þessar upplýsingar frá fyrrum húsbónda sínum, Magnúsi Steingrímssyni á Hólum. Vitnið kvaðst ekki þekkja örnefnið Lækja(r)tún og telja Neðra-Merkisstein ekki vera til lengur.

Ásta Bjarnadóttir er móðir Magnúsar Steingrímssonar, ábúanda á Stað. Hún er fædd í Unaðsdal í N-Ísafjarðarsýslu, en bjó á Stað í 21 ár, frá 1956 til 1977. Vitnið kvaðst lítið þekkja til örnefna í Staðardal. Það kvaðst þó vita hvar Kúgildislækur rennur og staðsetja hann á milli Hrófsbergs og Hofstaða, á þeim stað er aðalstefnandi hafi girt, framan við Kúgildislæk, í landi Hofstaða, að mati vitnisins. Vitnið kvað Efra- og Neðra-Merkissteyna vera til í huga aðalstefnanda en

ekki sínum. Vitnið kvaðst ekki þekkja til örnefnisins Lækja(r)tún og telja það raunar ekki vera til. Vitnið kvaðst ekkert vita um reiðgötur í Staðardal.

Magnús Steingrímsson er alinn upp á Stað og tók þar við búi af föður sínum 1983. Vitnið kvaðst þekkja dável til örnefna í Staðardal. Staðsetti vitnið Kúgildislæk u.þ.b. 300 metra austan við Neðra-Merkisstein (hnitapunktur 102). Lækin kvað vitnið renna niður á reiðgötur, framan við girðingu, sem aðalstefnandi hafi í óleyfi girt í landi Hofstaða, og þaðan í Staðará. Vitnið kvað Lækja(r)tún vera neðan vegar, skammt framan við Tjaldholt. Vitnið kvað tvo djúpa læki vera í Staðarhlíð, við hnitapunktur 106 á dómskjali nr. 61, sem kallaðir væru Fremra- og Neðra-Lækjartúnsgil. Vitnið kvað reiðgötur í Staðardal vera á þeim stað, sem bílvegur var lagður, þ.e. fram Svörtubakka og þaðan fram dalinn. Vitnið kvað Lyngmóa vera neðarlega í Hofstaðalandi og hafi aðalstefnandi girt kringum þá, í landi Staðar.

Málsástæður og lagarök aðalstefnanda.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðal- og gagnsök á áðurgreindum landamerkjálýsingum í landamerkjaskrár fyrir Hrófborg (nr. 66) og Staðarkirkju-eignir (nr. 65) frá 1890, en vísar jafnframt til lögmannsúrskurðar Þorsteins Eyjólfssonar frá 1398. Samkvæmt téðum gögnum sé ljóst, að Kúgildislækur ráði merkjum milli Hrófborgs og Staðar (áður Hofstaða) af fjalli ofan til láglandis, eða reiðgatna, en láglandi verði að teljast á umræddu landsvæði inn í Staðardal (hnitapunktur 103 á dómskjali nr. 61) þótt örlítill halli sé til sjávar. Reiðgötur liggi og hafi í aldanna rás legið við fjallsrætur eftir Staðardal, en sökum notkunarleysis, vatnagangs og veðrunar greinist þær nú misjafnlega og hafi víða horfið sjónum manna.

Þaðan sem Kúgildislækur komi niður á láglandi og reiðgötur (hnitapunktur 103) sé samkvæmt lögfestu Jóns Björnssonar frá 1675 og landamerkjaskrár fyrir Hrófborg sjónhending yfir þverar eyrarnar í þann forna farveg Staðarár við Lækja(r)tún (hnitapunktur 106 á dómskjali nr. 61). Beri að miða við þá landamerkjálýsingu, enda hvergi getið um örnefnið Lækja(r)tún í öðrum lýsingum, sem hér skipta máli eða getið þar annarra örnefna, sem gefi til kynna aðra viðmiðun eða mæli gegn línu yfir þverar eyrar að Lækja(r)túni. Það styðji umrædda lögfestu, að hún hafi verið samþykkt af séra Einari Torfasyni, presti á Stað, og síðar séra Ísleifi Einarssyni á Stað, svo sem gögn málsins beri með sér.

Aðalstefnandi kveður umræddar landamerkjaskrár vera samhljóða um að merki milli Hrófborgs og Staðar liggi frá Lækja(r)túni (hnitapunktur 106) eftir hinum forna farvegi Staðarár „ofan hjá Stakkanesi, fram í sjó“, eins og þar segi. Varðandi túlkun á orðunum „fornum farvegi“ Staðarár vísar aðalstefnandi til málflutningsyfirlýsinga lögmanns síns og lögmanns gagnstefnanda landbúnaðarráðherra á dómþingi 6. október 1997 um að þeir væru sammála um að miðað

skyldi við í dómi, að hluti hins forna farvegar Staðarár lægi frá hnitapunkti 106 í hnitapunkt 206, sbr. dómskjal nr. 68. Aðalstefnandi telur að hin tilvitnuðu orð „ofan hjá Stakkanesi, fram í sjó“ merki niður hinn forna farveg ofan úr dalnum og niður með Stakkanesi, en vegna ágreinings um túlkun greindra orða sé gagnstefnanda Haraldi Guðmundssyni einnig stefnt til að þola dóm um staðfestingu landamerkja er að jörðinni Stakkanesi liggja.

Aðalstefnandi kveður ágreiningslaust, að svokallaður Neðri-Merkissteinn liggi í hnitapunkti 102 á dómskjali nr. 61. Hann mótmælir á hinn bóginn sem röngum málatilbúnaði gagnstefnanda, landbúnaðarráðherra, að því er varðar örnefnin Kúgildislæk, Lækja(r)tún og Staðaráreyrar og kennileitið reiðgötur. Þá er mótmælt fullyrðingum gagnstefnanda Haraldar um rennsli Staðarár og öllum bollaleggjum hans um hefðarrétt.

Málsástæður og lagarök gagnstefnanda landbúnaðarráðherra.

Gagnstefnandi landbúnaðarráðherra reisir kröfur sínar í aðal- og varasök einkum á landamerkjaskrá nr. 65 yfir eignir Staðarkirkju, en í henni sé landamerkjum Staðar skilmerkilega lýst, þar á meðal gagnvart jörðinni Hrófbergi. Við samanburð á þeirri lýsingu, sem fyrst hafi verið skjalfest 1886 af séra Ísleifi Einarsyni á Stað, og lýsingu í landamerkjaskrá nr. 66 fyrir Hrófborg frá 1890 komi í ljós, að sú fyrri sé mun ítarlegri og fyllri en sú síðari. Landamerkjalysing Staðar eigi sér og beina samsvörun í úrskurði Þorsteins lögmanns Eyjólfssonar frá 1398, en í úrskurðinum, sem og lögfestunni frá 1675, séu merki miðuð við reiðgötur en ekki láglandi. Ekkert bendi til þess, að ætlunin hafi verið að breyta merkjum milli jarðanna með landamerkjaskrá nr. 66, en hún sé yngri en landamerkjaskrá nr. 65. Beri því að leggja hina eldri lýsingu til grundvallar í málinu og fallast á kröfur stefnanda í gagnsök. Af þeim örnefnum og kennileitum, sem þar eru nefnd, telur gagnstefnandi að þessi skipti mestu máli: „annar steinn nær byggð“, Kúgildislækur, reiðgötur og forn farvegur Staðarár.

Gagnstefnandi segir óumdeilt, að „annar steinn nær byggð“ sé líka nefndur Neðri-Merkissteinn, einstætt og stórt bjarg, sem standi á Staðardalsbrún. Litlu utar og ofan til í dalnum renni Kúgildislækur í svonefndu Fremra-Stekkjargili (hnitapunktur 110 til 111 á dómskjali nr. 70) og sé hann landamerkjalækur milli Hrófborgs og Staðar af fjalli ofan til reiðgatna. Gagnstefnandi telur ljóst hvar reiðgötur hafi legið til forna og vísar til skrár yfir örnefni fyrir Grænanes og Stakkanes á dómskjali nr. 24. Þar segi orðrétt: „Á Svörtubökkum eru reiðgötur sem liggja fram yfir Kúgildislæk.“ Þá komi fram í skrá yfir örnefni Hofstaða og Hofstaðaparts á dómskjali nr. 22, að ekki hafi verið venja „að nefna Kúgildislæk því nafni fyrr en niðri á Eyrinum.“ Þar segi og, að lækurinn sé nokkuð vatnsmikill á eyrunum, „lygn með djúpum pyttum og renni í bugðu út Eyrarnar í Staðará.“ Af framangreindum tilvitnuðum orðum megi vera ljóst, að Kúgildislækur

ráði merkjum milli Staðar og Hrófbergs, allt þar til lækurinn komi að reiðgötum á Svörtubökkum (hnitapunktur 109 á dómskjali nr. 70). Ágreiningslaust sé hvar Svörtubakkar liggi, en þeir séu ekki við fjallsrætur eða á því láglendi, sem aðalstefnandi haldi fram, heldur mun neðar í Staðardal eða á eyrum Staðarár. Gagnstætt því sem aðalstefnandi haldi fram, sé ljóst að Kúgildislækur ráði merkjum á þessu svæði, ekki einvörðungu af fjalli ofan heldur einnig á láglendi eða allt þar til að lækurinn komi niður á Svörtubakka, á þeim stað er reiðgötur fram Staðardal liggi yfir lækinn (hnitapunktur 109). Þaðan sé sjónhending yfir þverar eyrnar í Staðará, í hinn forna farveg hennar, en af hálfu gagnstefnanda sé því haldið fram, að hinn forni farvegur Staðarár liggi sem næst þeim farvegi er áin renni nú í, á því svæði, sem hér um ræði. Á hitt sé fallist með aðalstefnanda, sbr. bókun í þinghaldi 6. október 1997, að samkomulag sé milli nefndra málsaðila, að við það skuli miða í dómi, að hluti hins forna farvegar liggi frá hnitapunkti 106 í hnitapunkt 206, sbr. dómskjal nr. 68. Þaðan ráði hins vegar farvegur árinna eins og hún renni í dag, þ.e. eftir hinum forna farvegi, ofan hjá Stakkanesi og fram í sjó, sbr. hnitapunkt 108 á dómskjölum nr. 61 og 70.

Fallist dómur á framangreindar kröfur stefnanda í gagnsök leiði af sjálfu sér samkvæmt reglum eignarréttar, að aðalstefnanda verði með dómi gert skylt að fjarlægja girðingu þá er hann reisti á hinu umþrætta landsvæði árið 1985, í óþökk gagnstefnanda, sbr. meðal annars áðurgreind mótmæli ábúandans á Stað í bréfi dagsettu 16. apríl 1986.

Gagnstefnandi mótmælir málatilbúnaði aðalstefnanda að því er varðar staðsetningu Kúgildislækjar og segir hana ranga. Þá er því vísað á bug, að láglendi Staðardals geti talist á þeim stað er aðalstefnandi haldi fram (hnitapunktur 103 eða 104 á dómskjali nr. 61) enda viðurkenni aðalstefnandi sjálfur, að þar halli landi út dalinn til sjávar. Loks er því mótmælt, að ljóst sé hvar Lækja(r)tún sé, en aðalstefnandi hafi hvorki sýnt fram á tilvist né staðsetningu slíks túns eða örnefnis. Í Árbók Ferðafélags Íslands 1952 (dómskjal nr. 28) sé að finna greinargóða lýsingu á allri hliðinni norðan megin Staðardals. Athygli veki, að hvergi sé í þeirri lýsingu eða öðrum skriflegum heimildum minnst á hið ætlaða Lækja(r)tún.

Varðandi lagarök vísar gagnstefnandi til landamerkjálaga nr. 5/1882 og nr. 41/1919, með síðari breytingum, og til almennra reglna íslensks réttar um gildi landamerkjabréfa og túlkun þeirra. Kröfu sína um málskostnað styður hann við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök gagnstefnanda Haraldar Guðmundssonar.

Gagnstefnandi Haraldur Guðmundsson styður kröfugerð sína í málinu einkum við samkomulag, sem gert hafi verið milli sín og aðalstefnanda með málflutningsyfirlýsingu lögmannna þeirra á dómþingi 6. október 1997. Í þeim hafi

greindir aðilar máls lýst því yfir með bindandi hætti, að þeir væru sammála um að staðfest verði með dómi, að svonefnd sáttalína á dómskjali nr. 61 skyldi ráða merkjum milli Hrófbær og Stakkaness frá hnitapunkti 201 til 205, en ellegar frá hnitapunkti 201 svo langt fram eyrar, sem við geti átt eftir niðurstöðu dóms. Ágreiningslaust sé gagnstefnenda í milli, að landamerki milli Stakkaness og Staðar liggja við Grásteinsengi, í hnitapunkti 206 á dómskjali nr. 68, sbr. málflutningsyfirlýsingar lögmanna gagnstefnenda á dómþingi 5. nóvember 1997. Því beri að draga beina línu milli hnitapunkta 205 og 206 og miða merki Stakkaness í vestur, gagnvart Hrófbær, við línu þannig dregna.

Komist dómur að annarri niðurstöðu er á því byggt af hálfu gagnstefnanda, að ósannað sé að hinn forni farvegur Staðarár hafi verið annars staðar en þar sem áin renni í dag. Beri því að miða merki milli Hrófbær og Stakkaness við núverandi farveg árinna, allt frá landamerkjalek milli Stakkaness og Staðar við Grásteinsengi, niður til sjávar í hnitapunkt 108 á dómskjali nr. 61. Varðandi túlkun á orðunum „ofan hjá Stakkanesi“ í landamerkjalyðingu fyrir Staðarkirkjueignir telur gagnstefnandi að þau beri að skýra sem „framhjá Stakkanesi“ í samræmi við almenna málvenju á þeim tíma er landamerkjaskráin var gerð. Loks er bent á, að tún frá Stakkanesi séu á árbakkanum Stakkaness megin og hafi það land verið nýtt af Stakkanesbændum og áður bændum á Grænanesi svo lengi, sem elstu menn muni. Þá hafi veiði í Staðará fyrir öllu því landi einatt verið talin tilheyra Stakkanesi. Vísar hann í þessu sambandi til 3. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Um önnur lagarök er vísað til laga nr. 41/1991 um landamerki o.fl. með síðari breytingum, laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar á meðal XXI. kafla laganna varðandi málskostnað, og almennra reglna íslensks réttar um gildi og túlkun landamerkjabréfa.

Forsendur og niðurstöður.

Við úrlausn þessa máls er rétt að leggja til grundvallar landamerkjaskrár fyrir eignir Staðarkirkju og fyrir Hrófbær, sem lýst hefur verið hér að framan. Landamerkjaskrár þessum var báðum þinglýst á manntalsþingi á Hrófbær 26. júní 1890. Undir landamerkjaskrá Staðareigna ritar m.a. nafn sitt til samþykkis Stephán Stephánsson eigandi hálftrar jarðarinnar Hrófbær. Og Magnús Magnússon, sem þá var ábúandi á Hrófbær, ritar undir skrána með þessari yfirlýsingu:

„Að farið sje eptir lögfestu þeirri, sem Jón Björnsson gjörði fyrir Hrófbærslandi um landamerki milli Hrófbærslands og Staðarkirkju eigna er eg með öllu samþykkur. 9/4-90 Magnús Magnússon (sign.)“

Ísleifur Einarsson, prestur á Stað og umráðamaður Staðarkirkjueigna, staðfestir landamerkjaskrá Hrófbær með nafnritun sinni undir nákvæmlega eins orðaða yfirlýsingu, en með honum rita undir yfirlýsinguna þrír aðrir menn, bændur á Ósi og Fitjum.

Nafnritanir undir landamerkjaskrárnar benda eindregið til að menn hafi talið að þær væru efnislega samhljóða, þótt nokkur orðalagsmunur væri á þeim, og þær væru þannig báðar í samræmi við lögfestu Jóns Björnssonar frá 1675. Það er og álit dómenda að orðalagsmun landamerkjaskrárna megi samræma einni efnisskýringu.

Í máli þessu er ekki deilt um landamerki Hrófbergs og Hofstaða (Hofstaðaparts, sem var og er hluti Staðarkirkjueigna, og var nytjaður frá Víðivöllum, þegar þar var síðast búið) fyrir sunnan og ofan Neðra-Merkisstein, sem í landamerkjaskrá fyrir Staðarkirkjueignir er nefndur „annar steinn nær byggð“. Hér verður því ekki fjallað um þennan hluta merkjanna, heldur þann hluta sem ágreiningur er um, þ.e.a.s. hver merkin eiga að vera frá Neðra-Merkissteini (hnitapunkti 102) niður til láglendis og yfir láglendið og þar með áreyrnar. Staðsetning Neðra-Merkissteins er ágreiningslaus. Til að leysa úr ágreiningsefninu skiptir þrennt mestu máli, að skera úr um a) hvar Kúgildislækur á upptök sín og hvernig hann fellur, b) hvar eru Lækjatún (eða Lækjartún) og Lækjatúngil og c) hvar liggja þær reiðgötur sem talað er um í landamerkjaskránum.

a) Kúgildislækur.

Í landamerkjaskránum er þetta orðalag, þegar nefndur hefur verið Neðri-Merkissteinn, eða „annar steinn nær byggð“: Skrá Hrófbergs: „Skammt frá þeim steini kemur sá lækur, er Kúgildislækur hefur kallaður verið og er hann þessara landa á milli merki af fjalli ofan til láglendis, ...“. Staðarskrá: „..., en þaðan skammt kemur sá lækur, sem Kúgildislækur hefur kallaður verið og er hann landamerki af fjalli ofan til reiðgatna, ...“. Báðar segja skrárnar að lækurinn komi skammt frá („þaðan skammt“) merkissteininum, og báðar segja að hann sé merki af fjalli ofan.

Steinsnar framan og ofan við Neðri-Merkisstein kemur upp lækjarsytra sem fellur í grunna lág neðar í hlíðinni. Neðan við steininn og sumpart utan við hann koma upp fleiri smásytrur er sameinast hinni fyrrnefndu. Má sjá þetta glöggf af korti því sem fram hefur verið lagt og kröfulínur aðila eru merktar inn á með hnitapunktum (dómskjal nr. 61). Lækur þessi beygir við hlíðarrætur og rennur út með hlíðinni og 500-600 metrum utar sameinast hann öðrum læk, sem af hálfu gagnstefnanda landbúnaðarráðherra er talinn vera Kúgildislækur, en aðalstefnandi kallar þann læk og gilið sem hann fellur í Stekkjargil. Ekki er ágreiningur um að lækurinn heiti Kúgildislækur eftir að þessir tveir koma saman. Frá Neðra-Merkissteini út að þeim læk er gagnstefnandi landbúnaðarráðherra telur vera Kúgildislæk (Stekkjargili skv. aðalstefnanda) eru í láréttri hæðarlínu samkvæmt mælingu á landabréfi ríflega 520 metrar.

Dómendur telja vafalaust, að lækjarsytrunnar við Neðri-Merkisstein séu til

muna líklegri til að vera upptök Kúgildislækjar en hinn ytri lækur, ef tekið er mið af orðalagi landamerkjaskráanna. En fleira þarf þó athugunar við.

Fram hafa verið lagðar í málinu nokkrar örnefnaskrár. Meðal þeirra er stutt skrá fyrir Hofstaði sem Magnús Steingrímsson bóndi og hreppstjóri á Hólum í Staðardal skráði 19. mars 1953. Henni fylgir viðbót, sem ber fyrirsögnina Hofstaðapartur Athugasemdir og viðbætur. Guðrún S. Magnúsdóttir cand. mag., starfsmaður Örnefnastofnunar, skráði viðbótina. Segir í upphafi hennar: „Farið var yfir örnefnaskrár Hofstaðaparts eða Hofstaða með Halldóri, Katrínu og Laufeyju, börnum Jóns Jóhannssonar sem skráði aðra örnefnaskrána [Sjá síðar. Aths. dómenda], að Hæðargarði 46, Reykjavík, 29. október 1981, og skráðar athugasemdir og viðbætur. Halldór er fæddur á Kálfanesi 29. október 1908 og fluttist að Víðivöllum 1912. Katrín er fædd 16. júlí 1913 og Laufey 20. september 1930, báðar á Víðivöllum. Systkinin fóru frá Víðivöllum 1948. Hofstaðapartur var nytjaður frá Víðivöllum.“ Í viðbótinni er m.a. þetta haft eftir systkininum: „Ekki var venja að nefna Kúgildislæk því nafni fyrr en niðri á Eyrinum. Þar er hann nokkuð vatnsmikill, lygn með djúpum pyttum, rennur í bugðu út Eyrarnar í Staðará.“

Fyrir dómi var Katrín Jónsdóttir spurð hvort hún vissi hvar Kúgildislækur ætti upptök sín, hvar hann kæmi fyrst upp. Katrín: „Hann kemur upp við hlíðar, má segja, lögg, að mér finnst af fleirum en einum læk. Þetta kemur lækjarsytra þarna niður.“ Dómari: „Já, hvar?“ Katrín: „Niður þarna svona yfir fyrir, það er svolítið lægra, finnst mér, minnir mig, niður af merkissteininum.“ Dómari: „Niður af merkissteininum?“ Katrín: „Já.“ Dómari: „Hann verður til þar úr svona lækjarsytrum?“ Katrín: „Já, og einnig sko síkjum, sem eru meðfram hlíðarlögginni. Því varð hann svo vatnsmikill á láglendinu.“ Framburður Katrínar er því til styrktar að Kúgildislækur eigi upptök sín við Neðri-Merkisstein. Enn kemur þó fleira til, sem síðar verður rakið.

Í þessari samantekt um Kúgildislæk er rétt að geta örnefnaskrár um Hofstaðapart, sem frammi liggur í málinu. Hún er handskrifuð og ber fyrirsögnina Örnefni og sagnir í landi Hofstaðaparts og er sögð eftir handriti Jóns Jóhannssonar bónda á Víðivöllum. Þar segir m.a. eftir að nefndir hafa verið Hærri- og Neðri-Merkissteinn: „Niðri á Staðardalseyrinum er lækur einn, sem Kúgildislækur heitir og rennur hann á einum stað í krók upp að hálsinum og eru merkin bein lína þaðan og í reiðgötu við Staðará, beint á móti Lækjatúni í Staðarhlíð. Síðan er sjónhending úr lækjarkrók þessum og upp í Neðri-Merkjastein.“

Nokkur vitni, Guðmundur Björnsson, Sigríður Björnsdóttir, Helgi Ingimundarson og Magnús Steingrímsson, töldu að Kúgildislækur kæmi af fjalli ofan í þeim skorningi sem aðalstefnandi kallar Stekkjargil, rúmlega 500 metrum utan við Neðri-Merkisstein. Að mati dómenda voru vitni þessi, að Magnúsi Steingrímssyni undanskildum, lítt fróð um örnefni á þessu landsvæði. Til að mynda

könnuðust þau ekki, nema Magnús, við Lækja(r)tún, og vitnin Guðmundur og Helgi könnuðust ekki við Neðri-Merkisstein á þeim stað, sem aðilar eru sam-mála um að hann sé.

Niðurstaða dómenda verður sú, að rétt sé að miða við að Kúgildislækur eigi fyrstu upptök sín í lækjarsytrum, sem koma upp framan og ofan við og neðan og utan við Neðra-Merkisstein. Í landamerkjalyðingu Halldórs Jóhanns Jónssonar, sem síðar verður gerð grein fyrir, er lækur þessi neðan við Neðra-Merkisstein kallaður Merkissteinslágarlækur.

b) Lækjatún og Lækjatúnsgil.

Örnefnastofnun varðveitir nokkrar örnefnaskrár af því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Skál nú gerð grein fyrir hvernig fjallað er um örnefnið Lækja(r)tún og Lækja(r)túnsgil í þeim skrá, sem fram hafa verið lagðar í mál-inu:

Frammi liggur sem dómskjal skrá sem ber fyrirsögnina Staður. Er þar sagt að Magnús Steingrímsson, sem fyrr er getið, hafi skráð hana 1953. Þar segir á einum stað, þar sem lýst er Staðarhlíð, frá örnefninu Stekknum, síðan: „Niður með Stekknum kemur Stekkjargil, allstórt. Þar sem það kemur niður, ofan brúnar, heita Stekkjarlágur-neðri. Í þeim, efst og austast, er Skötuormatjörn, þá Haug-tjarnir og Haugtjarnahvolf að Teigabrúnaholtum. Nokkru austar á fjallinu, ofan brúnar, eru Lægri- og Hærri-Lækjatúnslægðir. Í hlíðinni fyrir neðan Stekkjar-hvolfin er Prestsengi. Er svo nokkur [svo] svæði frá því að Lækjatúnsgili. Er Lækjatún á bakkanum við Staðará.“ Litlu síðar segir: „Neðan Lækjatúnsgilja, austar í hlíðinni, er Harðengi. Þá Tjaldholt . . .“

Í örnefnaskrá sem ber fyrirsögnina Staður Athugasemdir og viðbætur segir í upphafi: „Farið var yfir örnefnaskrár Staðar, sem skráðar voru af Magnúsi Stein-grímssyni 1929 og 1953, með Jón[i] Sæmundssyni, Hátúni 4, Reykjavík, í Örnefnastofnun 3. apríl 1978 og skráðar eftir honum athugasemdir og viðbætur. Jón er fæddur 24. desember 1900 á Gilsstöðum, var á ýmsum bæjum í Staðar-dal og seinast á Stað 1939-43. Þá fluttist hann til Hólmavíkur og var þar 12 ár.“ Guðrún S. Magnúsdóttir skráði eftir Jóni. Í þessari skrá segir á einum stað eftir að nefnt hefur verið örnefnið Tjaldholt: „Harðengi er harðir balar. Í Lækjatúni fer að verða fjölbreyttari gróður. Það er milli Lækjatúnsgilja. Prestsengi var mesti og bezti slægjublettur í hlíðinni.“

Örnefnaskrá Magnúsar Steingrímssonar 1929, sem drepíð er á í inngangi að skrá Jóns Sæmundssonar, birtist í Viljanum, handskrifuðu blaði Ungmennafé-lagsins Geislans, 7. tbl. VII. árg., sem út kom í apríl 1929. Þar segir m.a.: „...og á bakkanum Tjaldholt, þá Harðeyri að Neðra Lækjatúnsgili, þá Lækjatún á bakk-anum við eyrnar sem eru með ánni, þá stykkið milli Lækjatúnsgilja. Frá Fremra Lækjatúnsgili er Prestsengi að Stekkjargili.“

Rétt er að minna hér á tilvitnun í örnefnaskrá Jóns Jóhannssonar, sem skráð er hér að framan, aftast í kaflanum um Kúgildislæk, en þar er nefnt Lækjatún.

Vitnið Brynjólfur Sæmundsson kvaðst fyrir dómi hafa „verið hér á svæðinu síðan vorið 1959 samfelld, og hef starfað hér hjá bændum, þannig að ég er orðinn næstum heimamaður.“ Hann sagði m.a. þegar borin var undir hann landamerkjalyásing Halldórs Jóhanns Jónssonar, sem síðar verður getið, að „Lækjartún, það er grænn blettur sem er í Staðarhlíð milli tveggja gildruga og sem er þannig staðsett að eftir þessu væri merkjalínan þar yfir þverar eyrar.“ Vitnið var spurt hvaðan það hefði þetta. Vitnið svaraði: „Það get ég ekki fullyrt frekar heldur en að ég veit hvar Hólmavík er. Mér hefur verið sagt það og það síast inn í mann.“ Síðar í skýrslu vitnisins kom fram að hann hefði vitneskju um landsvæðið ekki síst frá Benedikt Sæmundssyni. Hann hefði verið frá Aratungu og hefði verið heimamaður bæði á Víðivöllum og Stað.

Matthías Lýðsson lögreglumaður gaf skýrslu fyrir dómi, einkum vegna þess að hann skráði í lögregluskýrslu landamerkjalyásingu Halldórs Jóhanns Jónssonar. Hann benti á þann stað sem hann taldi eftir ábendingu Halldórs Jóhanns og lýsingu að væri Lækjatún, og var hann milli tveggja gilja í Staðarhlíð, nánar tiltekið milli hnitapunkta 105 og 106 á því landabréfi sem inn á eru færðar kröfulínur aðila (dómskjal nr. 61).

Vitnið Magnús Steingrímsson, bóndi á Stað, er sonur fyrri ábúanda á jörðinni, Steingríms Loftssonar (bóndi á Stað 1956-1983) og konu hans, Ástu Bjarnadóttur, sem einnig bar vitni í málinu. Vitnið Magnús kannaðist við örnefnið Lækja(r)tún, en taldi það vera nokkru utar (neðar, þ.e. austar) en fyrrgreindar heimildir herma, innan við Tjaldhól, liggja þar með ánni. Hann kvaðst muna eftir að þar hefði verið slegið á kalárum eftir 1965. Hann kannaðist einnig við Lækjatúnsgil og benti á ljósmynd á gilin tvö sem hnitapunktarnir 105 og 106 eru við.

Vitnið Guðmundur Björnsson, fyrrum bóndi og eigandi Stakkaness, kvaðst ekki þekkja örnefnið Lækja(r)tún, en kannaðist við Lækjatúnslægðir uppi í fjallinu.

Vitnið Katrín Jónsdóttir kannaðist við örnefnið Lækja(r)tún, en var ekki örugg um staðsetningu þess, taldi það þó vera nærri Grásteinsengi, landamerkjum Staðar og Stakkaness.

Önnur vitni kváðust ekki þekkja örnefnið Lækja(r)tún.

Niðurstaða dómsrannsóknarinnar í þessu efni er sú, að ekki leiki vafi á að Lækjatúnsgil séu þau tvö gil sem hnitapunktarnir 105 og 106 liggja við á því landabréfi, sem sýnir kröfulínur aðila (dómskjal nr. 61). Flest bendir að mati dómenda til þess að Lækjatún sé milli þessara gilja, eins og aðalstefnandi heldur fram, og verður við það miðað við úrlausn málsins. Samræmist þetta því að merkjalínan liggja um þverar eyrar.

c) Reiðgötur.

Um þær er upplýst með vætti vitna að þær hafa legið um eyrnar út og fram nærri ánni. Flest vitni nefndu fyrst að þær hefðu verið sjáanlegar á bökkunum sunnan árinnaframan við Svörtubakka, en sum vitni gátu þess að þær hefðu legið áfram fram (inn) dalinn sem næst ánni. Kemur þetta heim við merkingar á herforingjaráðskorti, sem fram hefur verið lagt.

Aðalstefnandi hefur haldið því fram að reiðgötur hafi verið í dalnum nærri hlíðinni að sunnanverðu. Eitt vitni, Brynjólfur Sæmundsson, taldi að svo hefði verið. Þegar hann var spurður um reiðgötur, svaraði hann: „Það eru fyrst og fremst tveir staðir, sem ég hef heyrt talað um reiðgötur þarna. Það var talað um reiðgötur niðri á svokölluðum Svörtubökkum, þarna fram með ánni, og svo sést fyrir greinilegum reiðgötum og sem að sjálfsagt gangandi menn hafa myndað að einhverju leyti líka fram eftir eyrunum ... Og í öðru lagi eru svo reiðgötur fram með hlíðinni, upp við hlíð, niður undan Merkissteinslág, og þannig hafa leiðirnar sjálfsagt legið fyrr þarna í dalnum. Þær liggja vitanlega þar sem þurrast er og þægilegast að fara á hesti. En svo aftur á móti þarna á milli, milli bakkanna og svo aftur þar sem verður þurrara upp við hlíðina, þar er svona þúfnakargi sem er ekki þægilegur til þess að fara um.“

Dómendur telja vafalaust að reiðgötur hafi legið um dalinn á eyrunum nærri ánni. Þeir telja ekki útilokað að reiðgötur hafi einnig á fyrri tíð legið undir hlíðinni að sunnanverðu, en um það eru ekki önnur vætti en Brynjólfs Sæmundssonar.

Nánar um forsendur – niðurstöður.

Frammi liggur í málinu örnefnaskrá fyrir Hofstaðapart, sem Jón Jóhannsson skráði 1930. Jón var bóndi á Víðivöllum, faðir Halldórs Jóhanns, Katrínar og Laufeyjar, sem fyrr er getið. Í örnefnaskrá þessari, sem er stutt, eru tilgreind landamerki Hofstaðaparts og Hröfbergs. Segir þar fyrst að merki milli jarðanna séu tveir stórir steinar, Hærri- og Neðri-Merkissteinn. Sá síðarnefndi er sagður vera á brúninni Staðardals megin. „Frá þeim steini er sjónhending í Kúgildislæk, þar sem hann rennur í krók niður með hálsinum og sjónhending úr læknum í reiðgötur við Staðará, beint á móti Lækjartúni í Staðarhlíð.“

Við vettvangsgöngu mátti sjá greinilegan vatnsfarveg frá þeim stað við hlíðarlöggina niður undan Neðri-Merkissteini, þar sem (Kúgildis)lækurinn sveigir út (eða niður) með hlíðinni. Farvegur þessi lá nokkurn spöl fram og niður, þ.e. til norðvesturs, á láglendið, sveigði síðan út og aftur upp að hlíðinni. Aðalstefnandi hélt því fram að í þessum farvegi hefði Kúgildislækur fallið. Virðist dómendum þetta koma vel heim og saman við landamerkjálýsingu Jóns Jóhannssonar hér næst á undan, sbr. einnig aðra lýsingu hans í handskrifaðri örnefnaskrá, sem getið var hér að framan í kaflanum um Kúgildislæk.

Þá er að geta skýrslu lögreglunnar í Strandasýslu, sem dagsett er 17. ágúst 1984. Matthías Lýðsson lögreglumaður ritaði skýrsluna, sem fyrr er getið. Kom hann fyrir dóminn sem vitni. Í upphafi skýrslunnar skýrir Matthías frá því að hringt hafi verið í hann föstudaginn 17. ágúst kl. 15.50 og hann beðinn að koma fram að Hrófbergi. Fyrir dómnum skýrði vitnið svo frá að þessi ferð hefði verið farin fyrir tilstilli sýslumanns. Síðan segir orðrétt og stafrétt í skýrslunni: „Þangað kominn fór undirritaður að spyrjast fyrir um tilefni kvaðningarinnar. Reyndist það þá vera að vegna landamerkjadeilu milli jarðanna Hofstaða og Hrófbergs, var þangað kominn fyrrverandi bóndi þar í sveit, Halldór Jóhann Jónsson og vildu málsaðilar fá vottfest álit hans á hvar landamerki milli þessara jarða væru. Undirritaður fór því ásamt Halldóri Jóhanni og þeim Halldóri bónda á Hrófbergi og Magnúsi bónda á Stað á lögreglubílfreiðinni T-500 fram á Hrób-berseyrar á þann stað sem Halldór Jóhann taldi landamerkin vera. Skömmu eftir að komið var þangað kom þar Brynjólfur Sæmundsson héraðsráðunautur Hólma-vík. Hlustuðu framantaldir ásamt undirrituðum á Halldór Jóhann lýsa landa-merkjum milli jarðanna Hofstaða og Hrófbergs. Undirritaður vill taka fram [að] hvorki Magnús eða Halldór á Hrófbergi mótmæltu staðsetningu þeirra örnefna sem Halldór Jóhann nefndi í lýsingu sinni. Halldóri Jóhanni sagðist svo frá: „Ég átti heima á Víðivöllum frá 1912 til 1948, flutti þá að Stað og átti þar heima til 1956. Öll þau ár sem ég átti heima hér var aldrei neinn ágreiningur um landa-merkin. Landamerkin eru: Sjónhending úr Lækjartúni í gegnum Sleifarsíki (sem nú er horfið vegna ágangs Staðarár) og í Merkissteinslág. Þaðan upp með Merk-issteinslágarlæk að neðra Merkissteini. Frá honum eftir hryggjum upp að efra Merkissteini. Þegar ég tala um sjónhendingu úr lækjartúni held ég að fremur hafi verið tekin sjónhending frá fremri læknum.“

Er Halldór Jóhann var að lýsa landamerkjunum gengum við ásamt honum um eyrarnar og hann benti okkur á þá staði sem lýst er í landamerkjalýsingunni. Að loknum þessum fundi skildu leiðir og hver hélt heim til sín.“

Undir skýrsluna ritar skrásetjarinn, Matthías Lýðsson; einnig Halldór Jóhann Jónsson á eftir orðunum „vottast rétt eftir haft“. Brynjólfur Sæmundsson ritar undir sem vottur. Brynjólfur kannaðist fyrir dómnum við þessa vettvangsgöngu og undirritun sína. Vitnið Matthías Lýðsson upplýsti að hann hefði ekkert skráð hjá sér á vettvangi, en hann hefði skrifað skýrsluna að kvöldi sama dags, og Halldór Jóhann hefði síðar skrifað undir, vottað að rétt væri eftir haft.

Vitnið Matthías benti í réttinum á örnefnastaði á landabréfum, og kvaðst hann hafa vitneskju sína eftir Halldóri Jóhanni Jónssyni, eins og hann hefði bent mönnum til þarna á eyrunum. Vitnið benti á Merkissteinslág niður undan Neðra-Merkissteini, þar sem hnitapunkturinn 103 er. Hann taldi að Kúgildislækur væri lækjarskorningur rétt vestan og neðan við Neðri-Merkisstein. Lækjatón taldi vitnið að væri milli Lækjatónsgiljanna, þ.e. milli hnitapunktanna 105 og 106.

Vitnið minntist þess ekki að mótmælt hefði verið örnefna- og landamerkjalyðingu Halldór Jóhanns. Framburður vitnisins var að mati dómenda skýr og greinargóður.

Í vætti vitnisins Katrínar Jónsdóttur kom þetta fram:

Dómari: „Þú segir að Merkissteyninn, hann sé, þetta er landamerkjasteinn milli Hofstaða og Hrófbergs. Veistu hvernig merkin eru frá steininum? Niður í dalinn?“

Vitnið: „Sko, það er sjónlína, hefur mér verið sagt.“

Dómari: „Sjónlína?“

Vitnið: „Nú, um þverar eyrar. Halldór bróðir minn gaf . . . nafna sínum þetta upp fyrir mörgum árum. Og ég hef ekki önnur merki betri til að fara eftir en þau.“

Dómari: „Já, þú hefur séð þá lýsingu Halldórs bróður þíns?“

Vitnið: „Ja, hann hefur margoft sagt mér hana.“

Dómari: „Já, og þú heldur að hún sé rétt?“

Vitnið: „Ég get ekki vitað annað, því að það er það sem faðir okkar sagði okkur.“

Vitnið Guðbjörg Rannveig Bergsveinsdóttir fæddist árið 1905 í Aratungu í Staðardal, var þar til 18 ára aldurs, en fór þá að Kirkjubóli og var þar næstu fjögur ár. Hún kvaðst hafa verið liðlega þrítug þegar hún fluttist burt úr Staðardal. Í framburði hennar kom fram að eyrarnar í dalnum, sem riðið var eftir, þegar farið var út dalinn, hafi verið nefndar Hrófbergseyrar þegar komið var fram hjá eyðibýlinu Hofstöðum. Hrófbergseyrar hafi byrjað „svona rétt neðan við Hofstaði“.

Að öllu því virtu, sem hér hefur verið saman dregið, verður það niðurstaða dómenda í máli þessu, að fallast beri á kröfur aðalstefnanda um að landamerkjalyðing milli jarðanna Hrófbergs og Staðar skuli dregin frá Neðra-Merkissteyni (hnitapunktur 102) eftir efstu upptökum Kúgildislækjar í hnitapunkt 103 og þaðan eftir beinni línu milli hnitapunktanna 103 og 106 við ytra Lækjatúnsgil, sbr. dómskjal nr. 61, í hnitapunkt 106A. Samkomulag er með aðalstefnanda og gagnstefnanda landbúnaðarráðherra, að við úrlausn málsins skuli við það miða að forn farvegur Staðarár sé í þeim farvegi, sem áin rennur nú í, milli hnitapunktanna 106A og 206, sbr. dómskjal nr. 61. Verður því þessi viðmiðun um fornan farveg lögð til grundvallar í málinu. Fallist er á það með gagnstefnanda Haraldi Guðmundssyni, að málflutningsyfirlýsingar af hálfu aðalstefnanda og gagnstefnanda Haraldar Guðmundssonar á dómþingi 6. október 1997 séu bindandi um að merki milli jarðanna Hrófbergs og Stakkaness skuli dregin eftir hnitapunktum 201 til 202, þaðan til 203, þaðan til 204, þaðan til 205 og þaðan upp (norður) í áðurgreindan hnitapunkt 206, í samræmi við línu sem þessir aðilar mörkuðu til sátta, sbr. dómskjöl nr. 68 og nr. 61.

Samkvæmt framanrituðu eru staðfest eftirfarandi landamerki milli Hrófborgs og Staðar: Frá Vatnadalsá eftir háhrygg Þverholtanna að Hærra-Merkissteini í hnitapunkt nr. 101 (X=674812,7; Y=589442,0), þaðan í beina stefnu að Neðra-Merkissteini í hnitapunkt nr. 102 (X=674541,8; Y=589959,5), þaðan eftir efstu upptökum Kúgildislækjar í hnitapunkt nr. 103 (X=674348,4; Y=590400,3), þaðan í beina stefnu í hnitapunkt nr. 106A (X=674320,1; Y=591281,4) og þaðan í beina stefnu í hnitapunkt nr. 206 (X=673939,0; Y=591257,0), eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti.

Þá verða staðfest eftirfarandi landamerki milli Hrófborgs og Stakkaness: Frá hnitapunkti nr. 206 (X=673939,0; Y=591257,0) í beina stefnu að hnitapunkti nr. 205 (X=673958,3; Y=590867,2), þaðan í beina stefnu í hnitapunkt nr. 204 (X=673717,2; Y=590882,2), þaðan í beina stefnu í hnitapunkt nr. 203 (X=673559,1; Y=590794,2), þaðan í beina stefnu í hnitapunkt nr. 202 (X=673338,0; Y=590807,0) og þaðan til sjávar í beina stefnu í hnitapunkt nr. 201 (X=672987,7; Y=590725,0), eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti.

Eftir þessum úrslitum verður aðalstefnandi sýknaður af öllum kröfum stefnenda í gagnsök.

Rétt þykir með hliðsjón af málavöxtum öllum og kröfugerð aðila, bæði upphaflegri og endanlegri, að hver aðila beri sinn kostnað af máli þessu. Gjafsóknarkostnaður aðalstefnanda, 1.746.529 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Vilhjálm Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 1.200.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til skyldu aðalstefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun. Gjafsóknarkostnaður gagnstefnanda Haraldar Guðmundssonar, 676.128 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Sigurðar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 600.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til skyldu gagnstefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

D ó m s o r ð :

Landamerki milli jarðanna Hrófborgs og Staðar í Hólmavíkurbæ, Strandasýslu, ákvarðast svo: Frá Vatnadalsá eftir háhrygg Þverholtanna að Hærra-Merkissteini í hnitapunkt nr. 101 (X=674812,7; Y=589442,0), þaðan í beina stefnu að Neðra-Merkissteini í hnitapunkt nr. 102 (X=674541,8; Y=589959,5), þaðan eftir efstu upptökum Kúgildislækjar í hnitapunkt nr. 103 (X=674348,4; Y=590400,3), þaðan í beina stefnu í hnitapunkt nr. 106A (X=674320,1; Y=591281,4) og þaðan í beina stefnu í hnitapunkt nr. 206 (X=673939,0; Y=591257,0), eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti.

Landamerki milli jarðanna Hrófborgs og Stakkaness, Hólmavíkur-

hreppi, Strandasýslu, ákvarðast svo: Frá hnitapunkti nr. 206 ($X=673939,0$; $Y=591257,0$) í beina stefnu að hnitapunkti nr. 205 ($X=673958,3$; $Y=590867,2$), þaðan í beina stefnu í hnitapunkt nr. 204 ($X=673717,2$; $Y=590882,2$), þaðan í beina stefnu í hnitapunkt nr. 203 ($X=673559,1$; $Y=590794,2$), þaðan í beina stefnu í hnitapunkt nr. 202 ($X=673338,0$; $Y=590807,0$) og þaðan til sjávar í beina stefnu í hnitapunkt nr. 201 ($X=672987,7$; $Y=590725,0$), eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti.

Aðalstefnandi er sýkn af öllum kröfum stefnanda í gagnsök.

Hver aðila beri sinn kostnað af máli þessu.

Gjafsóknarkostnaður aðalstefnanda, 1.746.529 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans hans, Vilhjálms Árnasonar hæstaréttarlögmans, 1.200.000 krónur. Gjafsóknarkostnaður gagnstefnanda Haraldar Guðmundssonar, 676.128 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans hans, Sigurðar Jónssonar hæstaréttarlögmans, 600.000 krónur.
